



Reykjanesbær
b.t. bæjarstjóra
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbæ

Reykjanesbær
Mótt. 18. 02. 2021
Lykill 00. 06
Málsnr. 2021020573
Ábm. USB

Reykjavík, 10. Febrúar, 2021

Umsókn um rekstrarstyrk fyrir árið 2021

Kvennaathvarfið hefur frá stofnun verið skjól fyrir konur og börn þeirra þegar dvöl í heimahúsum er þeim óbærileg vegna ofbeldis. Dvalarkonum sem þess óska, stendur til boða aðstoð við taka þau skref sem nauðsynleg eru til að yfirgefa ofbeldissambandið auk þess sem konurnar nýta sér yfirgripsmikla þekkingu og reynslu starfandi ráðgjafa á hverjum degi. Börn í dvöl fá viðtöl eftir því sem þroski þeirra leyfir. Árið 2020 dvöldu 138 konur og 110 börn í athvarfinu og var meðaldvalartími 30 dagar. Ráðgjafaviðtöl án dvalar nýttu 312 konur sér í 620 viðtölum. Til viðbótar sinna ráðgjafar athvarfsins viðtalsþjónustu í Bjarkarhlíð og í Kvennaathvarfinu á Norðurlandi, en öllum konum stendur til boða símaráðgjöf sem veitt er allan sólarhringinn.

Á síðasta ári hófu Samtök um kvennaathvarf tilraunaverkefni með nýtt athvarf á Akureyri. Til stóð að verkefnið stæði fram til vors, en nú hefur það verið framlengt til loka ársins 2021 enda bendir allt til þess að að þörfin fyrir athvarf á Norðurlandi sé fyrir hendi. Dvalarkonur hafa aðallega komið frá norður og austurlandi og hafa hingað til komið 10 konur og 11 börn til dvalar.

Á síðustu áratugum hefur verið að koma sífellt betur í ljós hversu neikvæðar afleiðingar það hefur fyrir börn að búa á ofbeldisheimilum og gætir áhrifanna stundum allt lífið, ef ekki er gripið inn í. Við höfum því á undanförunum árum unnið að því markvisst að gera aðbúnað barna í Kvennaathvarfinu sem bestan. Í því skyni var á síðasta ári ráðinn félagsráðgjafi með mikla starfsreynslu úr barnavernd til að sinna sérstaklega þörfum barna sem dvelja í athvarfinu, hlúa að þeim og koma áfram í viðeigandi úrræði. Markmiðið er að vinna að aukningu lífgæða barnanna í nútíð og framtíð, stuðla að því að dvölin sé sem ánægjulegust en jafnframt að aðstoða mæður og börn þeirra við að vinna gegn afleiðingum ofbeldisins. Upphaflega var verkefnið hugsað sem tilraunaverkefni en strax á fyrstu vikum þess varð ljóst að ekki yrði aftur snúið og tilraunaverkefni breytt í framtíðarskipan.

Sveitarfélög hafa hingað til verið öflugir stuðningsaðilar kvenna og barna sem sækja skjól til Kvennaathvarfsins og er það von okkar að svo verði áfram. Í því skyni óskar Kvennaathvarfið eftir rekstrarstyrk fyrir árið 2021 að fjárhæð kr. 400.000.

Ársskýrslur Samtaka um kvennaathvarf er hægt að nálgast á heimasíðu athvarfsins, kvennaathvarf.is.

F.h. Samtaka um kvennaathvarf

Brynhildur Jónsdóttir

Brynhildur Jónsdóttir, rekstrarstýra
brynhildur@kvennaathvarf.is